

## Alþjóðlegir straumar og stefnur í heilsugæslu samtímans

Málþing miðvikudaginn 21. janúar 2015, kl: 14:00–16:00

á vegum Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfðuðborgarsvæðisins

### Fyrirlesarar



**Paul Grundy, MD, MPH** er stjórnarformaður Patient Centered Primary Care Collaborative í Bandaríkjunum (BNA). Hann hefur verið nefndur guðfaðir sjúklingamiðaðrar heilsugæslu í BNA sem hefur verið fyrirmynd undanfarin ár í öllu þróunarstarfi á sviði heilsugæsluþjónustu þarlendis. Öll fagfélög lækna í heilsugæslu (heimilislækna, barnalækna og almennra lyflækna) hafa sameinast um þessa fyrirmynd sem framtíðarsvar við þeim krefjandi áskorunum sem blasa við heilbrigðisþjónustu samtímans, m.a. vegna faraldurs langvinnra sjúkdóma.

Paul stjórnar einnig deild nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu innan IBM fyrirtækisins á alþjóðavísu (Director, IBM's Global Healthcare Transformation). Þar áður starfaði hann á vegum bandaríska utanríkisráðuneytisins við verkefni á sviði alþjóðaheilbrigðismála, m.a. er lutu að HIV-faraldrinum í Afríku. Paul er mikilvirkur og virtur talsmaður nútímalegri starfshátta í heilbrigðisþjónustu vestan hafs og á alþjóðavettvangi. Hann hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir störf sín heima fyrir og víða og geta má þess að Danir sæmdu hann nýlega titlinum sendiherra danskrar heilbrigðisþjónustu í BNA. Það er mikill fengur að fá Paul Grundy hingað til lands og fá kynningu frá fyrstu hendi á þeim breytingum sem nú standa yfir á heilsugæslu samtímans þar sem aukin verðmætasköpun í heilbrigðisþjónustu og lýðheilsufræðileg nálgun er í fyrirrími. Sjá nánar: <https://www.pcpcc.org/>



**Wienke Boerma, PhD**, er aðalrannsakandi hinnar viðamiklu alþjóðlegu Qualicopc-rannsóknar innan 7. rammaáætlunar ESB á gæðum og kostnaði við heilsugæslu í 35 þjóðlöndum (þar af 31 Evrópuríki). Wienke hefur mikla reynslu af rannsóknum á vettvangi heilsugæsluþjónustu og stefnumótunar á þeim vettvangi. Hann starfar við Rannsóknarstofnun Hollands á vettvangi heilbrigðisþjónustu og stefnumótunar (NIVEL) í Utrecht. Wienke hefur sinnt rannsóknum á vettvangi heilsugæslu í Evrópu síðan 1990. Margar þessara rannsókna hafa verið fjölþjóðlegar og að sama skapi umfangsmiklar. Wienke býr því yfir yfirgripsmikilli þekkingu á landslagi evrópskrar heilsugæslu.

Wienke hefur starfað á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), m.a. við úttektir og ráðgjöf vegna heilbrigðisþjónustu í fyrrum austantjaldslöndum eftir fall járnaldsins. Á vettvangi WHO hefur Wienke einnig unnið að mótun heilsugæslustarfsemi til að mæta vaxandi þunga langvinnra sjúkdóma m.t.t. rannsókna á þeim vettvangi. Wienke mun kynna niðurstöður Qualicopc-rannsóknarinnar sem náði til Íslands og 80 sérfræðingar í heimilislækningum hérlandis og nálægt 800 hundruð íslenskir notendur heilsugæsluþjónustu tóku þátt í. Niðurstöður þessarar umfangsmiklu rannsóknar eru okkur því mikilvægar þar sem kostnaður og gæði þjónustunnar eru metin í alþjóðlegu og sjúklingamiðuðu samhengi. Wienke mun á grunni þeirra niðurstaða fjalla um framtíðarþróun heilsugæslu í Evrópu. Sjá nánar: <http://www.nivel.nl/en>